

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Nýlendugata 32.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 31. janúar 2018 breytingu á skilmálum deiliskipulags Nýlendreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst m.a. leiðrétt stærð núverandi byggingar sem ekki var rétt skráð og að heimild til byggingar bílskúrs er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vogabyggð, svæði 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 31. janúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð, svæði 2. Í breytingunni felst m.a. leiðrétting á hæðarkótum bygginga, stærð svala og staðsetning innkeyrslu í bílakjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 1. febrúar 2018.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2018